



26/08/2024

# Matslisti - Fagbréf

Kvikmyndastjórn (Lifandi myndir)

---

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá viðmiðum starfsins

Listinn er sjálfsmatslisti og notaður til stuðnings í matssamtali

---

Nafn	
Kennitala	
Starf	

## Kjarni starfs

Tilgangur starfsins er að vinna og setja fram útfærslu hugmynda að handriti fyrir kvikar myndir, segja sögu í myndformi, sjá um framleiðslu kvikmyndaefnis fyrir verkkaupa eða á eigin vegum. Verktaki er til staðar frá upphafi eða mjög snemma á þróunarferli verkefnis, mótar endanlegt handrit í samstarfi við verkkaupa ef við á, ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnis. Býr yfir heildrænni kunnáttu og hæfni í kvikmyndagerð. Grunnþekking á mynd- og hljóðvinnslu ásamt vali á tækjabúnaði. Leikni í viðtalstækni og almenna þekkingu á tæknibúnaði, forritum við eftirvinnslu og ólíkum tæknistöðlum fyrir mynd og hljóð. Leggur mat á þarfir verkefnis, sér um ráðningar og val starfsfólks eins og þörf er á.

Framleiðsla umfangsminni kvikmyndaverkefna, í samvinnu við verkkaupa ef við á, í víðu samhengi. Ber ábyrgð á eigin vinnu við vinnsluna og framgangi verkefnis. Mótar sjónrænan stíl með skilning og skapandi heildarsýn á verkefninu svo sjónræn markmið og miðlun efnisins verði eins og til var ætlast.

Er bæði leikstjóri og framleiðandi og stýrir þannig öllum þáttum verkefnis, þarf að sinna mörgum störfum. Þarf að geta gert raunhæft mat á heildarumfangi verkefnis m.a. með tilliti til fjármagns sem fyrir liggur. Sér um og ber ábyrgð á samskiptum við verkkaupa, þegar við á, ásamt samskiptum við allt starfsfólk, samstarfsaðila og annað fólk eftir því sem við á. Ber ábyrgð á öryggi á starfsstað og á öllum búnaði.

## Viðfangsefni starfsins

Undirbúningur	Framleiðsla	Eftirvinnsla
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugmyndavinna</li> <li>• Samningagerð og höfundarréttarmál</li> <li>• Fjárhagsáætlun</li> <li>• Umfangið áætlað</li> <li>• Handritagerð og skotlisti</li> <li>• Val tökustaða</li> <li>• Val á viðmælendum (ef hljóðupptaka)</li> <li>• Gera tækjalista</li> <li>• Áhættumat og öryggismál</li> <li>• Tryggingar</li> <li>• Leyfi sem afla þarf</li> <li>• Mat á sjálfbærni og umhverfismálum</li> <li>• Skipulagning framleiðslu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Almenn verkefnastjórnun</li> <li>• Tímalína og verkáætlun</li> <li>• Kostnaðarstjórnun</li> <li>• Notkun tækja á staðnum (ábyrgð á að öll tæki virki)</li> <li>• Gagnageymsla og gagnastjórnun (tvírit, merkingar o.s.frv.)</li> <li>• Almennur rekstur einyrkja (bókhald, tímaskráning, fjármálalæsi)</li> <li>• Frekari mótun frásagnar, hvaða myndefni þarf til að segja söguna</li> <li>• Leikstjórn</li> <li>• Listræn sýn (t.d. mynddrammar – leikmynd)</li> <li>• Lýsing</li> <li>• Tryggja að mynd, hljóð og lýsing vinni saman</li> <li>• Kvikmyndataka</li> <li>• Myndbygging</li> <li>• Upptaka hljóðs</li> <li>• Tökur með flygildi (dróna)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gagna- og tæknivinnsla</li> <li>• Klipping efnis</li> <li>• Hljóðsetning</li> <li>• Litaleiðrétting</li> <li>• Grafík</li> <li>• Útbúa master í formötum eins og við á</li> <li>• Notkun mælitækja við upptökur og eftirvinnslu.</li> <li>• Skýrslugerð</li> <li>• Lokafrágangur</li> </ul>

Starfið er á þrepi 3, samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun, þó einstaka hæfnipættir séu á öðrum þrepum.

## Leiðbeiningar fyrir þátttakanda:

Hér hefst sjálfsmat út frá hæfnikröfum starfsins. Gott er að horfa til fyrri reynslu, færni úr námi, starfi og einkalífi.

Að loknu sjálfsmati fer matsaðili yfir sjálfsmatslistann og fer fram samtal þar sem mat á færni á sér stað.

Niðurstöður samtalsins geta verið að:

1. Öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð og færnin er staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.
2. Eitthvað vantar upp á að ná öllum hæfniviðmiðum starfsins og fer þá fram starfsþjálfun til að uppfylla þau. Að því loknu er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.



## Matsviðmið

<p>Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum hæfnipætti. Leitaðu til fagaðila ef eitthvað er óskýrt.</p>
<p><b>1</b> - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.</p>
<p><b>2</b> - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.</p>
<p><b>3</b> - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.</p>
<p><b>4</b> - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu.</p>

Matslisti – kvikmyndastjórn					Útfyllist af matsaðila	
Undirbúningur	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– sagnalist í tengslum við undirbúning að handriti						
– jafnréttismálum og fjölmenningu						
– varðveislu umhverfis og sjálfbærri þróun						
– samningagerð og höfundaréttarmálum						
– lögum og reglum sem við geta átt						
– nauðsynlegum tækjabúnaði fyrir kvikmyndaverkefni						
– áhættumati						
– gerð fjárhagsáætlunar og reksturs verkefnis						
– gerð verkáætlunar						
– fjáröflun og rekstri verkefnis						
– tímastjórnun						
– símenntun m.a. vegna nýrrar tækni						
Ég get:						
– miðlað hugmyndum og tillögum í rituðu máli						
– skipulagt ólíka verkþætti						

– stuðlað að uppbyggilegri vinnustaðamenningu						
– gert tækjalista						
– aflað tilskilinna leyfa fyrir verkefni						

<b>Matslisti – kvikmyndastjórn</b>					<b>Útfyllist af matsaðila</b>	
<b>Framleiðsla</b>	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– verkefnastjórnun						
– að móta sjónrænan stíl verkefnisins						
– öryggismálum						
– meðferð tækja fyrir kvikmyndaverkefni						
– mikilvægi þrautseigju við krefjandi aðstæður						
– að ákvarða um birtuskilyrði fyrir og við tölur						
– gagnageymslu og stjórnun gagna						
– leikstjórn og kvikmyndatöku						
Ég get:						
– unnið mynd og hljóð						
– séð um vistun gagna						
– notað vélbúnað og forrit við framleiðsluferlið eins og við á						
– gert tímaá- og verkáætlun						
– valið tæki sem henta fyrir hvert verkefni (kvikmyndatöku og lýsingu)						
– skipulagt, framkvæmt og fylgt verkefni eftir						
– brugðist við margþættum, og krefjandi viðfangsefnum						
– nýtt verðmæti af hagvæmni og skynsemi						

Matslisti – kvikmyndastjórn	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Útfyllist af matsaðila	
					Lokið	Þarfnast þjálfunar
<b>Eftirvinnsla</b>						
Ég þekki og hef skilning á:						
– forritum og vélbúnaði til eftirvinnslu						
– símenntun og læri af því sem annað fólk gerir til að bæta vinnu mína						
Ég get:						
– séð um gagna- og tæknivinnslu og útbúið master í formötum eins og við á						
– sinnt skýrslugerð og fylgt verkferlum við eftirvinnslu						
– klippt efni, sinnt hjóðsetningu og litaleiðréttingu						
– búið til grafík og útbúið master í formötum eins og við á						
– bætt frásagnir með klippingu						
– notað mælitæki við upptökur og eftirvinnslu						
– sinnt verkferlum eftirvinnslu og skilum						

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni, að skráðar upplýsingar séu réttar. Ef til vill getur þú fengið samstarfsfélaga eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir skjalið, veita endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift þátttakanda:
Staður:	Dagsetning:	Undirskrift umsagnaraðila:
Staður:	Dagsetning:	Undirskrift umsagnaraðila: